

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. júní 2010 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-62/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. maí sl. bað A um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á hjólkoppum hjá B. Álitsbeiðandi gerir aðallega kröfu til þess að seljandi láti sig fá nýja nothæfa hjólkoppa eða greiði sér til baka kaupverðið kr. 11.029.

Álitsbeiðandi hafði beðið um álit á sama ágreiningsefni 6. apríl sl. Kærunefndin óskaði eftir upplýsingum frá álitsbeiðanda í bréfi, dags. 8. apríl, um það hverjar kröfur hann gerði á hendur seljanda og frest til þess að veita þær upplýsingar til 19. apríl. Þar sem upplýsingarnar bárust ekki innan tilskilins frests vísaði kærunefndin álitsbeiðninni frá 27. apríl sl.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 5. maí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og frestur til þess að skila þeim til 17. maí. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 1. júní sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi, dags. 11. febrúar sl. keypti álitsbeiðandi hjólkoppa hjá B fyrir kr. 11.029. Í álitsbeiðandi segir m.a. eftirfarandi um það hvernig þessi kaup gengu fyrir sig:

„Afgreiðslumaðurinn skoðaði bílinn og fann út stærðina, 15 tommur, sýndi mér svo hvernig koppategundin, sem ég valdi, sætu á bíl fyrirtækisins, vel fastir, en ég var búinn að fá nóg af „lausum“ koppum, svo að segja. Ég setti svo koppana á heima og fór í fyrstu ferðina með þá á, en fannst þeir þó vera of lausir. Á leiðinni heim dettur svo einn koppur af. Fór seinna sömu leið til að athuga hvort ég fyndi hann ekki, en án árangurs. Kom svo við í B daginn eftir til að ræða málið við eigandann, en hann var ekki við. Reyndi svo aftur á mánudaginn en sami árangur. Kom svo aftur á þriðjudaginn og þá ræddum við málið eigandinn og ég. Ráðlagði mér að koma við hjá hjólkoppasalanum á Hólmi við Suðurlandsveginn og fá einn kopp þar og svo væri hægt að binda koppana við felgurnar. Gerði það en hann átti enga koppa. Á leiðinni heim hvarf svo koppur númer tvö. Miðvikudaginn 17. fór ég svo aftur í B og ræddi við eigandann um hlut þeirra í þessum skaða. Hann sá að kopparnir voru í raun of grunnir fyrir mínar felgur en vildi ekki taka þátt í kostnaðinum þar sem ég hefði átt að sjá þetta þegar ég setti þá á og hefði þá átt að skila þeim þó ég væri búinn að rífa þá út úr umbúðunum. Líkti þessu við kaup t.d. á buxum, ef þær passa ekki má skila þeim. [...] Mínar athugasemdir við þessi viðbrögð eru: Ekki stendur til boða að prófa koppana á sölustaðnum né að fá hjálp til þess að setja þá á þar. Buxurnar fær maður aftur á móti að máta á staðnum Engin viðvörðun kom um það að þeir gætu e.t.v. verið of grunnir. Með öðrum orðum, varan er seld eins og vara sem passar á allar felgur og engin þörf á því að huga að því máli sérstaklega. Þetta getur ekki talist til

góðra viðskiptahátta. Þessi vara er seld sem fullgild vara á allar felgur en reynist svo ónothæf. Seljandinn hlýtur, að mínu mati, að bera fulla ábyrgð á svona sölu.“

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andmæli og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem fram kemur í álitsbeiðni og gögnum málsins.

Í 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi um eiginleika söluhlutar, galla o.fl.

„Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess.“

Í 16. gr. laganna segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfu sem koma fram í 16. gr.

Álitsbeiðandi segir að afgreiðslumaður seljanda hafi aðstoðað sig við kaupin með þeim hætti að skoða hvaða stærð af hjólkoppum hann þarfnaðist og eins hafi afgreiðslumaðurinn sýnt sér hve hjólkoppar á bifreið seljanda sætu vel. Af þessu verður að draga þá ályktun að álitsbeiðandi hafi mátt ætla, sbr. framangreind ákvæði 15. gr. laga nr. 48/2003, að tryggt væri að hjólkopparnir pössuðu á bifreið hans sem síðan reyndist ekki vera. Kærunefndin telur með þetta í huga að hjólkopparnir sem álitsbeiðandi keypti hafi verið gallaðir í skilningi þeirra lagaákvæða sem að framan eru rakin.

Krafa álitsbeiðanda er sú að annaðhvort leggi seljandi honum til hjólkoppa sem passi á bifreið hans eða endurgreiði kaupverðið.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Þótt álitsbeiðandi hafi sett hjólkoppa á bifreiðina með þeim árangri sem lýst er í álitsbeiðni telur kærufndin ekki efni til þess að líta svo á að gallinn á hjólkoppunum sem að framan er lýst verði metinn honum til sakar í skilningi 1. málslíðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003. Það er því álit kærufndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á því að fá afhenta nýja hjólkoppa sem passa á bifreið hans, sbr. ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003, séu þeir á sambærilegu verði og þeir hjólkoppar sem álitsbeiðandi keypti. Sé ekki möguleiki fyrir seljanda að afhenda álitsbeiðanda hjólkoppa með þeim hætti sem að framan greinir er það álit kærufndarinnar að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverðið kr. 11.029. Í báðum tilvikum ber álitsbeiðanda að skila hjólkoppunum sem ennþá eru í hans vörslum.

V

Álitsorð

Seljanda, B, ber að afhenda álitsbeiðanda, A, nýja hjólkoppa sem passa á bifreið hans séu þeir fánlegir í verslun hans á sambærilegu verði og þeir hjólkoppar sem álitsbeiðandi keypti. Að öðrum kosti ber seljanda að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð hjólkoppa, kr. 11.029.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir